

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/572****2021/EES/78/03****frá 2. júní 2016****um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 600/2014 að því er varðar
tæknilega eftirlitsstaðla um tilgreiningu gagna fyrir og eftir viðskipti sem boðið er upp
á og aðgreiningarstig gagna (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012⁽¹⁾, einkum þriðju undirgrein 2. mgr. 12. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Til að draga úr kostnaði markaðsaðila við kaup á gögnum er í reglugerð (ESB) nr. 600/2014 kveðið á um að for- og eftirviðskiptagögn séu gerð aðgengileg almenningi á sundurgreinanlegan hátt fyrir aðskilin gagnaatriði. Nauðsynlegt er að tilgreina aðgreiningarstigið sem vettvangar ættu að bjóða gögn á. Að teknu tilliti til vísbendinga um eftirspurn annarra hagsmunaaðila eftir slíkum gögnum ættu rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang að aðgreina gögn eftir eignaflokki, útgáfulandi, gjaldmiðlinum sem viðskiptin með fjármálagerning fara fram í og eftir því hvort gögn koma frá skipulögðum dagsuppböðum eða frá samfelldum viðskiptum.
- 2) Til að tryggja að for- og eftirviðskiptagögn sem eru í boði samsvari á viðhlítandi hátt eftirspurninni frá markaðsaðilum ættu rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang að bjóða á sanngjörnum viðskiptagrunni hvaða samsetningu sem er af aðgreiningarviðmiðunum.
- 3) Fyrir suma fjármálagerninga, s.s. fyrir afleiður, er hugsanlega ekki alltaf mögulegt að ákvarða á ótvíræðan hátt hvaða tiltekna eignaflokk sá gerningur tilheyrir, þar sem ákvörðunin um eignaflokk er háð hvaða einkenni fjármálagerninganna teljast vera afgerandi. Á sama hátt er hugsanlega ekki alltaf mögulegt að ákvarða á ótvíræðan hátt hvaða önnur viðmið gagnategund uppfyllir. Til að tryggja að markaðsaðilar sem kaupa gögn frá tilteknum viðskiptavettvangi fái samræmanlegt gagnamengi er nauðsynlegt að krefja rekstraraðila markaða eða verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvang um að ákvarða, í þeim tilvikum þegar ekki er unnt að beita aðgreiningarviðmiðunum á ótvíræðan hátt, hvaða viðmið fjármálagerningur eða gagnategund ætti að uppfylla.
- 4) Nauðsynlegt er, til að gæta samræmis og tryggja snurðulausa starfsemi fjármálamarkaðsins, að ákvæðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og ákvæðin sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 600/2014 komi til framkvæmda frá og með sama degi.
- 5) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA) hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 6) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álit hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót með 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ⁽²⁾,

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 142. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 88, 31.10.2019, bls. 7.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjttíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

For- og eftirviðskiptaupplýsingar í þágu gagnsæis sem boðið er upp á

1. Rekstraraðili markaðar eða verðbréfafyrirtæki sem starfrækir viðskiptavettvang skal, samkvæmt beiðni, gera þær upplýsingar sem birtar eru í samræmi við 3., 4. og 6. til 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 tiltækar almenningi með því að bjóða upp á for- og eftirviðskiptaupplýsingar í þágu gagnsæis á aðskilinn hátt, í samræmi við eftirfarandi viðmið:

a) eðli eignaflokksins:

- i. hlutabréf,
- ii. heimildarskírteini, kauphallarsjóðir, skírteini og aðrir svipaðir fjármálagerningar sem um getur í 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014,
- iii. skuldabréf og samsettar fjármálaafurðir,
- iv. losunarheimildir,
- v. afleiður,

b) útgáfuland hlutabréfa og ríkisskulda,

c) gjaldmiðillinn sem viðskipti með fjármálagerninginn fara fram í,

d) dagleg uppboð samkvæmt tímaáætlun, gagnstætt samfelldum viðskiptum.

2. Afleiður sem um getur í v. lið a-liðar skulu aðgreindar í samræmi við eftirfarandi viðmið:

a) hlutabréfaafleiður,

b) vaxtaafleiður,

c) lánaafleiður,

d) gjaldeyrisafleiður,

e) hrávöruafleiður og afleiður með losunarheimildir,

f) aðrar afleiður.

3. Rekstraraðili markaðar eða verðbréfafyrirtæki sem starfrækir viðskiptavettvang skal ákvarða hvaða viðmið fjármálagerningur eða tegund gagna uppfyllir ef ekki er mögulegt, á ótvíræðan hátt, að beita aðgreiningarviðmiðunum í 1. eða 2. mgr.

4. Rekstraraðili markaðar eða verðbréfafyrirtæki sem starfrækir viðskiptavettvang skal, samkvæmt beiðni, beita viðmiðunum sem um getur í 1. og 2. mgr. í hvaða samsetningu sem er.

5. Til viðbótar við að bjóða gögnin í samræmi við 1. og 2. mgr. er rekstraraðila markaðar eða verðbréfafyrirtæki sem starfrækir viðskiptavettvang heimilt að bjóða gagnapakka.

2. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún skal koma til framkvæmda frá þeim degi sem um getur í annarri málsgrein 55. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. júní 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
